



„Skyggst inn í hugarheim  
Náttúrunnar“

Hraunið „opnast“ á mót gestum og býður þá velkomna inn í hið óvænta. Ekki er allt sem sýnist því þegar inn er komið blasa við manngerðar hvelfingar sem ekki eiga sér þekkta hliðstæðu á Íslandi og gætu því allt eins verið hluti af Hulduheimum.


Í hvelfingunum er gestamóttaka ásamt sýningarsvæði þar sem upplýsingum er miðlað til gesta á óhefðbundinn og nýstárlegan hátt. Sýningarsvæðið teygir anga sína inn í 380m löng göng sem liggja niður á við í átt að hinu óvænta. Á tveimur stöðum opnast göngin inn í manngerða hella sem öðru fremur þjóna sem „hvíldarstaðir“ en einnig má nota fyrir upplýsingamiðlun og uppákomur.

aðkomuop





snið a í aðkomurými





„Dordingull hangir í vef sínum og skimar til allra átta“



Smæð mannverunnar í hrikalegu gýmaldi Þríhnúkagígs er undirstrikuð með því að skapa aðstæður á útsýnissvölum sem minna á kóngulóarvef sem gestir „dvelja í“.

Stálburðarvirki svalanna er mótað út frá þráðum kóngulóarvefjar sem skapa láréttan flöt þeirra en teygir sig jafnframt upp og myndar þannig handrið og „skyggni“ til verndar gestum.

grunnmynd af útsýnispalli



snið c og a í helli og útsýnispall



langsnið